

Gísli Gunnarsson og Sigurður Hólm Gunnarsson: Viðbrögð við álit nefndar um skráningu trúfélaga og svari dómsmálaráðuneytisins í júlí 2002.

Núverandi lög gera engan skýran greinarmun á trú og lífsskoðun. Raunar er trú talin skv þeim vera ein tegund lífsskoðunar. Þess vegna er meginspurningin sú á hvern hátt Siðmennt geti ekki talist vera trúfélag.

Rök nefndar um skráningu trúfélaga, svo og kirkjumálaráðuneytis, gegn því að skilgreina megi Siðmennt sem trúfélag eru rakin hér á eftir, enn fremur svör okkar við þeim og við ljúkum greinargerð þessari með lokaorðum þar sem einnig er að finna hugmyndir nefndarinnar og ráðuneytisins og viðbrögð okkar við þeim

1. Fullyrt er að Siðmennt eigi sér ekki sögulegar eða menningarlegar rætur sem trúfélag.

Þetta er sagt um félag sem byggir lífsspeki sína á efahyggju, skynsamlegri umræðu og rökrétttri hugsun. Með þessu er í raun og veru verið að afneita að skynsemishyggja sé mikilvægur þáttur í trúarbrögðum. Þetta er auðvitað mjög sérstætt. Í fyrsta lagi ber að nefna í þessu samhengi hin sögulegu rök. Samræmimg skynsemishyggju og trúar hefur verið mikilvægur þáttur í kristinni guðfræði allt frá tímum Siðaskiptanna og þó einkum eftir að efahyggja og skynsemistrú urðu mikilvægir þættir á allri samfélagsfræði á 18. öld.

Í öðru lagi ber að nefna guðfræðileg og heimspekileg rök. Efahyggja og þar með sannleiksleit hefur alla tíð verið nauðsynlegur þáttur í öllum trúarbrögðum, ekki síst kristinni. Öll leit er í sjálfu sér afneitun á ríkjandi ástandi og það á einnig við leitina að því heilaga og dulúðuga.

Í þriðja lagi hefðin: Það hafa lengi verið við víða um heim skipulagðir hópar manna sem hafa byggt lífsskoðanir sínar og siðferðishugmyndir á skynsemi og rökrétttri hugsun án tilvísana í sérstök trúarrit eða trúarleiðtoga. Upphaflegar kenningar Búdda um 500 árum f.kr. byggðust ekki síst á trú á því að maðurinn einn án hjálpar „æðri máttarvalda“ væri ábyrgur fyrir velferð sinni. Um sama leyti hélt kínverski heimspekingurinn Konfúsíus fram svipuðum hugmyndum um sérstaka ábyrgð mannsins í þessu lífi einu fyrir velferð sinni, um „annað líf“ fjallaði hann ekki. Við erum hér að ræða um tvo áhrifamestu leiðtogana sem mótuðu svonefnd austræn trúarbrögð.

Ef við færum okkur nær í tímanum og til heimsálfu okkar og menningar hennar, ber fyrst að nefna að uppruna húmanisma nútímans, og þar með efahyggju og vísindahyggju nýaldar, má að hluta rekja til endurreisnartímabilsins á síðmiðöldum. Frá 18. öld finnum við skipulagða hópa skynsemistrúarmanna sem höfðu jafnframt skýr *mónísk* viðhorf, afneituðu aðskilnaðinum í „náttúrulegt“ og „yfirnáttúrulegt“ sem að öllum jafnaði höfðu mótað trúarbrögð Evrópumanna víðast hvar í meir en 1000 ár. Siðmennt fylgir hefð þessara lífsskoðunarhópa skynsemistrúar.

Raunar er það svo að svipuð mónísk viðhorf komu víða fram hjá mörgum kristnum mönnum um aldamótin 1800. Í augum náttúrugúðfræðinganna svonefndu varð guð og náttúra eitt og hið sama, ekkert yfirnáttúrulegt stjórnaði mannlegu lífi en með því að lífa með náttúrunni á siðrænan hátt væri maðurinn á sinn hátt að þjóna guði. Vissir trúarsöfnuðir eru enn þá merkisberar þessara hugmynda og ber þá fyrst að nefna únitara. Það er engin tilviljun að söfnuðir únitara víða um lönd, t.d. í Bandaríkjunum, eru í nánnum tengslum við samtök siðrænna húmanista en í litlum tengslum við kristnar kirkjur. Eins og kunnugt er var únitarismi mjög sterkur þáttur í „aldamótaguðfræðinni“ svonefndu sem mótaði mjög starf íslensku þjóðkirkjunnar fram yfir miðja 20. öld.

Það er á engan hátt auðvelt eða augljóst hvernig aðskilja beri trúarhópa frá öðrum lífsskoðunarhópum enda gerir nefndin um skráningu trúfélaga enga tilraun til slíks. Hún vísar t.d. ekki til þess hvort viðeigandi lífsskoðunarhópur tryði á yfirnáttúruleg fyrirbæri eða ekki. Þar sýnir nefndin skynsamlega varúð því að ef þeim mælikvarða yrði beitt, þyrfti að svipta ýmsa viðurkennda trúarhópa stöðu sinni, t.d. söfnuði Búddista og Ásatrúarmanna. Í staðinn leggur nefndin megináherslu á „sögulegar og menningarlegar rætur“ lífsskoðunarhópsins, og telur, augljóslega ranglega, að

Siðmennt eigi ekki slíkar rætur. Það sem hins vegar vantar áttakanlega í skýrslu hópsins er tilraun til að skilgreina annars vegar trú og hins vegar lífsskoðun því að á þeim grundvelli byggist höfnun nefndarinnar fyrir því að neita að skrá Siðmennt sem trúfélag, **þótt hún sýni ekki þann kjark að segja þetta beint.**

Af ofantöldu er ljóst að Siðmennt „*legg(ur) stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur*”.

2. **Bent er á að í lögum að við kröfu um viðurkenningu trúfélaga sé krafist að tengsl við önnur trúfélög séu nefnd.**

Tengsl félagsins við önnur félög með hliðstæða hugmyndafræði og Siðmennt hafa verið mörg, andstætt því sem skilja má af röksemdum nefndarinnar. Þegar hafa verið rakin bein tengsl siðrænna húmanista við kirkjur únitara, svo og ákveðin hugmyndafræði við félög múniska trúarbragða eins og áður hefur verið rakið. En eiginleg félög siðrænna húmanista eru til í fjölmörgum löndum og sumstaðar eru þau fleiri en eitt. Hér á eftir fer stutt lýsing á nokkrum þeirra.

Norsku samtökin Human etisk forbund (<http://www.human.no/>)

HEF var stofnað 1956 af 256 félagsmönnum. Félagið hefur eflst mjög undanfarna áratugi. Félagsmenn eru um 63.000 þegar þessi orð eru skrifuð en voru aðeins 5000 árið 1980. Félagsdeildir eru í 120 sveitarfélögum. **Félaginu tókst 1981 að fá viðurkenningu sem trúfélag.** Síðar var lögum um trúfélög breytt þannig að félagið var eftir það skráð sem lífsskoðunarfélag. Norsk sóknargjöld renna til lífsskoðanafélaga almennt, þ.á.m. trúfélaga. **Þrjú fjórðu hlutar tekna HEF koma frá ríki og sveitarfélögum.** Samtökin standa fyrir mörg hundruð hátíðlegum athöfnum á hverju ári. T.a.m. fermdust yfir 8700 börn borgaralega á árinu 2001. Það eru um 15% allra norskra unglunga. Um 20% unglunga sem búa í Ósló völdu að fermast borgaralega á síðasta ári. Þar að auki stendur HEF fyrir fjölmörgum nafngiftarhátíðum, borgaralegum útförum og giftingum. Unnið er að kynningu á þessari þjónustu og þróun hennar. Haldin eru margs konar námskeið um hvaðeina er varðar lífsskoðanir og starf samtakanna. **Siðmennt er samskonar félag og HEF enda var Siðmennt stofnað með HEF sem fyrirmynd. Lífsspeki, markmið og þjónusta þessara tveggja félaga er því nánast sú sama.**

Bandarísk siðfræðifélög (Ethical Societies, sjá: <http://ethicalsociety.org>)

Ethical Societies eru starfandi í mörgum borgum og bæjum í Bandaríkjunum. **Þau eru skilgreind þar í landi sem trúfélög og njóta þar skattfríðinda sem slíkir.** Þetta eru félög án trúarsetninga sem sameina fólk með ólíkan bakgrunn í leit að siðrænu lífi. Félagsmenn vinna sameiginlega að eflingu skilnings og þekkingar sinnar til að hafa siðbætandi áhrif í daglegu lífi og um heim allan.

Alþjóðasamband húmanista- og siðfræðifélaga (The International Humanist and Ethical Union). Mörg önnur húmanista- og siðfræðifélög, sem deila trú- og lífsskoðunum Siðmenntar, eru til víðs vegar um heiminn. The International Humanist and Ethical Union (IHEU, sjá: www.iheu.com) er eins og nafnið gefur til kynna alþjóðasamband slíkra félaga og samtaka. Siðmennt er rétt eins og norsku húmanistasamtökin aðili að IHEU. IHEU tekur virkan þátt í alþjóðastarfi m.a. á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hægt er að skoða yfirlit yfir önnur siðræn húmanistafélög víðs vegar um heiminn á heimasíðu samtakana.

3. **Lokaorð.**

Einu skilyrðin sem er kveðið á um skráð trúfélög lögum samkvæmt eru þessi: **Í fyrsta lagi** sé um að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur. **Í öðru lagi** er gert ráð fyrir því að félagið hafi náð fötfestu í landinu og starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um. Í umsókn félagsins var rökstutt að Siðmennt uppfylli bæði þessi skilyrði en rökstuðningi þessum er hvergi svarað í áliti nefndarinnar. **Því er hann ítrekaður hér.**

Hvergi í lögum um trúfélög er trú skilgreind, alla vega ekki til aðgreiningar frá hugtakinu lífsskoðun. Því er það engin furða að hvergi er rökstutt í svarinu hvað í hugmyndafræði Siðmenntar telst ekki til trúar.

Það er einnig rangt sem gefið er í skyn í álitni nefndarinnar að ekki sé kjarni í félaginu sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um. Fjölmennur hópur fólks innan Siðmenntar hittist til dæmis í hverjum mánuði þar sem líf án trúar á æðri máttarvöld, siðferði og frelsi einstaklingsins er rætt auk þess sem félagið stendur fyrir fyrirlestrum, fræðslu og borgaralegum athöfnum og öðru sem eru í góðu samræmi við þá trú félagsins sem skilgreind er í umsókn Siðmenntar um skráningu sem trúfélag.

Í bæklingnum ***Ethical Humanism in Brief*** útskýrir höfundurinn, Arthur Dobrin, m.a. **hví siðrænir húmanistar séu trúaðir**. Það er vegna þess að þeir leggja þann skilning í lífið að það sé stórkostleg, dulúðleg og heilög gjöf og menn verði að sýna því djúpa virðingu. Siðrænir húmanistar hafi því stofnað trúarbrögð sem byggja á slíkum hugmyndum, hvort sem þeir trúa á guð eða ekki. **Sömu sjónarmið einkenna hugmyndir og starf Siðmenntar.**

Gísli Gunnarsson
Sigurður Hólm Gunnarsson